

35. fundur

12. september 2012

1201046SA SBG

Málalykill: 502

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands þann 12. september 2012, kl. 12:20 í Borgartúni 30.

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands á fundinum voru: Laufey Gissurardóttir og Anna Lilja Magnúsdóttir. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum voru Inga Ósk Jónsdóttir, Halla Margrét Tryggvadóttir (í síma) og Sólveig B. Gunnarsdóttir, sem ritaði fundargerð.

1. Laun forstöðuþroskaþjálfna – bókun 9

Eftir að hafa farið yfir niðurstöður könnunar um laun forstöðuþroskaþjálfna eru aðilar sammála um eftirfarandi niðurstöðu.

Niðurstaða:

Samkvæmt gr. 1.5.3 í kjarasamningi Þroskaþjálfafélags Íslands og Samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga eiga forstöðumenn ekki rétt á yfirvinnugreiðslum skv. tímakaupi, en skylt er að ákveða þeim sérstaka þóknun til viðbótar mánaðarlaunum þeirra ef yfirvinna er nauðsynleg vegna anna í starfi. Við undirskrift kjarasamnings sem gildi frá 1. júní 2011 var gert ráð fyrir að gengið væri strax frá samkomulagi við hvern forstöðuþroskaþjálfna í samræmi við gr. 1.5.3.

Í bókun 9 með kjarasamningi var ákveðið að vinnuhópur skoðaði heildarlaun forstöðuþroskaþjálfna og samsetningu þeirra. Laun forstöðuþroskaþjálfna voru skoðuð og miðað var við febrúar 2012.

Niðurstaða könnunarinnar er að 22 af 38 forstöðuþroskaþjálfum eru að fá greidda mánaðarlega 15 - 25 fasta yfirvinnutíma eða stjórnendaálag¹. 7 af þeim 17 sveitarfélögum sem skiluðu upplýsingum eru ekki að greiða sérstaka þóknun til viðbótar mánaðarlaunum.

¹Akureyrarbær samþykkti þann 16. október 2006 tillögu um greiðslu stjórnendaálags til tilgreindra stjórnenda hjá bænum sem kemur í stað yfirvinnugreiðslna og er greiðsla fyrir alla vinnu utan dagvinnutíma.

Ljóst er að þegar starfsemi fer fram utan dagvinnutíma eru líkur til að lengri opnunartími leiði af sér meiri viðveru eða ónæði fyrir stjórnanda utan dagvinnutímabils. Ákvæði greinar 1.5.3 í kjarasamningi er ætlað að ná til þessa auk þess að ná yfir unna yfirvinnu, útköll, áreiti utan dagvinnutíma, ferðatíma utan dagvinnu og annað vinnuframlag sem fellur utan dagvinnutíma. Þeim tilmælum er beint til sveitarfélaga að þau taki til skoðunar ákvörðun heildarlauna forstöðuþroskaþjálfra og ákveði þeim sérstaka þóknun til viðbótar mánaðarlaunum í samræmi við ákvæði greinar 1.5.3 ef í einhverjum tilfellum er til þess ætlast að forstöðuþroskaþjálfar geti þurft að sinna störfum sínum utan dagvinnutíma.

2. Fyrirkomulag um skiptingu þjálfunar – og undirbúningstíma þroskaþjálfra í grunnskólum

Þar sem ekki hefur tekist að afla marktækra gagna frá sveitarfélögum um skiptingu þjálfunar- og undirbúningstíma þroskaþjálfra í grunnskólum eru aðilar sammálu um eftirfarandi niðurstöðu.

Niðurstaða:

Með gildandi kjarasamningi Þroskaþjálfafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 8. júlí 2011 var í bókun 11 ákveðið að skipting 30 klukkustunda þjálfunar- og undirbúningstíma þroskaþjálfra í grunnskóla skólaárið 2011-2012 yrðu þjálfunarstundir á bilinu 17,33 – 24,00.

Meta átti árangur af framangreindu fyrirkomulagi í október 2011 og febrúar 2012. Sambandið kallaði eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um það hvar á bilinu 17,33 – 24,00 þjálfunarstundir væru en ekki fengust svör frá nægjanlega mörgum sveitarfélögum til að unnt væri að leggja mat á þetta fyrirkomulag. Sambærilegt fyrirkomulag hefur verið viðhaft í grunnskólum Reykjavíkurborgar og könnun á vegum borgarinnar um fjölda þjálfunarstunda kom í ljós að þær væru á bilinu 17,33 – 20.

Skipulag vinnutíma þroskaþjálfra í grunnskólum skal mótast í samráði viðkomandi skólastjórnanda við hvern og einn þroskaþjálfra. Meta skal fjölda þjálfunarstunda hjá hverjum þroskaþjálfra og skal við það mat horft til aðstæðna, verkefna og starfslýsingar þroskaþjálfra og þess gætt að þroskaþjálfinn hafi nægan tíma til gerðar einstaklingsnámskrár, undirbúnings, náms- og stöðumats, aðlögunar, samstarfs við fagaðila utan og innan skólans og foreldra. Einnig að tryggður sé nægur tími til ráðgjafar til kennara og annarra starfsmanna og skráningar upplýsinga og hvers kyns umsjónarstarfa. 21 - 24 þjálfunarstundir eiga einungis við í undantekningartilvikum en almennt skal miða við að fjöldi þjálfunarstunda sé á bilinu 17,33 - 20.

Mikilvægt er að mat á skiptingu vinnutíma þroskaþjálfra í einstaka þætti sé raunhæft og að tillit sé tekið til tímabundins álags og árstíðabundinna breytinga á verkefnum hans.

3. Röðun þroskaþjálfa í Garðabæ í launaflokka

Sveitarfélagið hefur samþykkt að raða viðkomandi tímabundið sem þroskaþjálfari 2 þar til nýr yfirþroskaþjálfari verður ráðin til starfa. Þí telur starfsmanninn eiga að áfram að raðast samkvæmt starfaskilgreiningunni Þroskaþjálfari 2 enda sé starfssvið hennar og starfslýsing óbreytt og falli að starfaskilgreiningunni, þroskaþjálfari 2.

Niðurstaða:

Ákveðið að fresta málinu til næsta fundar þar sem fulltrúar SNS óskuð eftir lengri tíma til að kynna sér gögn málsins.

4. Röðun þroskaþjálfa í Hafnafirði

Starfsmaður hefur fengið greidd laun samkvæmt starfaskilgreiningunni, Þroskaþjálfari 1 frá gildistöku síðustu kjarasamninga. Þann 1. júní s.l. voru laun leiðrétt og frá þeim tíma voru laun greidd samkvæmt starfaskilgreiningunni, Þroskaþjálfari 2. Félagið telur að leiðrétt eigi röðun viðkomandi frá gildistíma kjarasamningsins þar sem starfslýsing eigi við þá starfaskilgreiningu. Starfslýsing hefur verið óbreytt frá ágúst 2009.

Niðurstaða:

Ákveðið að fresta málinu til næsta fundar þar sem fulltrúar SNS óskuð eftir lengri tíma til að kynna sér gögn málsins.

Næsti fundur var ákveðin miðvikudaginn 19. september n.k. kl. 10:00 hér á sama stað.

Fundi slitið kl.13:50